

**Hin fimm umbreytingaskeið** í lífi mannsins, eða hins almenna vitsmunalega leitanda sem hagnýtir sér þau tækifæri sem menning og menntun samtímans hafa upp á að bjóða:

1. Yfirtaka efnislíkamans: Á tímabilinu frá 4 til 7 ára aldurs tekur sálin yfir stjórn efnislíkamans, en þangað til er hún aðeins yfirskyggjandi þáttur.
2. Þáttaskil á unglingsárunum þegar sálin yfirtekur tilfinningalíkamann.
3. Svipuð þáttaskil verða á aldrinum 21 til 25 ára þegar hugræna starfstækið er yfirtekið. Á þeim tíma getur maðurinn farið að bregðast við áhrifum frá sálinni og gerir það oft þegar um proskaðan mann er að ræða.
4. Breytingatími á aldrinum frá 35 til 42 ára þegar meðvitað samband næst við sálinna og hinn þrígreindi persónuleiki fer sem eining að bregðast við sálaráhrifum.
5. Það sem eftir er af ævitímanum ættu að verða stöðugt vaxandi tengsl milli sálarinnar og starfstækjanna sem leiða til annarra þáttaskila á aldrinum frá 56 til 63 ára. Það er háð því sem þá gerist hvort sálin heldur áfram að nýta persónu sína áfram til elliáranna eða hvort hún byrjar að draga sig í hlé smám saman.

**Sambærileg þáttaskil** má sjá í þróun kynstofnanna:

1. Menning Lemúríútímans:  
Yfirtaka efnislíkamans með fimm skilningarvitum sínum.
2. Menning Atlantistímans:  
Yfirtaka tilfinningalíkamans.
3. Á núverandi Aríska tímاسkeiði:  
Yfirtaka hugræna starfstækisins, ásamt proska vitsmunanna.
4. Í komandi kynstofni:  
Meðvituð yfirtaka og sameining hins þrígreinda persónuleika.
5. Í síðasta kynstofninum:  
Fullkomin tjáning sálarinnar og starfstækja hennar ásamt birtingu

andans í nokkrum mæli.